



Alþingi - Utanríkismálanefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Aðalstræti 8-10
150 Reykjavík

Mál nr. 0906004

Reykjavík, 12. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar um aðild að Evrópusambandinu.

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Samtaka fiskvinnslustöðva (SF) um tvær tillögur til þingsályktunar vegna mögulegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu, 38. mál, þingskjal 38 og 54. mál, þingskjal 54.

Báðar þingsályktunartillögurnar fela í sér margvíslega fyrirvara um hugsanlegan stuðning við mögulega aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Í þeim báðum kemur fram að forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni sé með mikilvægustu hagsmunum Íslands.

LÍÚ og SF hafa mótað afstöðu sína til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Sú afstaða byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum sem að birtast að hluta í þessum þingsályktunartillögum á þskj. 34 og 54, þ.e. að Íslendingar fari sjálfir með forræði yfir fiskimiðunum, hafi samningsforræði við stjórn veiða og skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum og tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana enda er hér um að ræða einn mikilvægasta þáttinn í efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Þessir mikilvægu hagsmunir yfirgnæfa allt annað í samanburði á kostum og göllum við hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Sagan og reynsla annarra þjóða í samskiptum sínum við Evrópusambandið segir okkur að enngar sérmeðferðar er að vænta eða að tekið verði til sérstakra mikilvægra þjóðarhagsmuna á sviði sjávarútvegs í aðildarsamningi.

LÍÚ og SF leggjast því eindregið gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Ákveði Alþingi að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu þá teljum við að setja beri ófrávikjanleg samningsskilyrði til samninganefndar Íslendinga um að:

- ✓ Íslendingar fari sjálfir með forræði yfir fiskimiðunum og að lagasetningarvald á sviði sjávarútvegsmála verði hjá Alþingi.
- ✓ Íslendingar fari sjálfir með samningsforræði við stjórn veiða og skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum.
- ✓ Íslendingar fari sjálfir með samningsforræði á alþjóðavettvangi á sviði fiskveiða og hafréttar.
- ✓ Fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum verði áfram takmarkaðar.

Meðfylgjandi er frekari rökstuðningur fyrir afstöðu okkar.

f.h. Landssambands íslenskra
útvegsmanna


Friðrik J. Arngrímsson

F.h. Samtaka fiskvinnslustöðva


Arnar Sigurmundsson

Fylgiskjal

með umsögn LÍÚ og SF um tillögur til þingsályktunar um ESB.

Afsal fullveldis til Evrópusambandsins

Mikilvægasti þáttur fullveldisins er rétturinn til að setja lög og framfylgja þeim. Með aðild að ESB yrði lagasetningarvaldið á sviði sjávarútvegsmála framselt frá Alþingi til ráðherraráðs Evrópusambandsins. Forræði og fyrirsvar í málefnum sjávarútvegs flyttist til framkvæmdastjórnar ESB í Brussel. Fiskimiðin, sem eru einhver mikilvægasta náttúruauðlind okkar og ein af grunnundirstöðum íslensks efnahags, yrðu sameiginleg auðlind Evrópusambandsins.

Forræðishyggja hefur leitt til þess að stjórn fiskveiða í aðildarlöndum ESB er meira og minna í molum. Þrátt fyrir margar tilraunir hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ekki tekist að snúa þessari alvarlegu stöðu við. Árangurinn af sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni er óásættanlegur; viðstöðulaus ofveiði, allt of stór floti og óhagkvæmur rekstur, auk gríðarlega umfangsmikils og kostnaðarsams styrkjakerfis til þess að viðhalda starfsemi í greininni.

Framkvæmdastjórn ESB hefur reynt að endurskoða fiskveiðistefnuna, nú síðast með grænbók um endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins. Þrátt fyrir að verulegar endurbætur yrðu á sameiginlegu fiskveiðistefnunni, yrði hún alltaf endanlega á forræði Evrópusambandsins sjálfs, en ekki aðildarríkjanna. Slíkt er óásættanlegt fyrir fullvalda þjóð eins og Ísland sem hefur ábyrgan og sjálfbæran sjávarútveg.

Ísland hefur fullveldisrétt innan 12 sjómílna landhelginnar og innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar. Mikilvægasti þáttur fullveldisins er rétturinn til að setja lög og framfylgja þeim. Með aðild að ESB yrði lagasetningarvaldið á sviði sjávarútvegsmála framselt frá Alþingi til ráðherraráðs Evrópusambandsins. Forræði og fyrirsvar í málefnum sjávarútvegs flyttist til framkvæmdastjórnar ESB í Brussel. Fiskimiðin, sem eru einhver mikilvægasta náttúruauðlind okkar, yrðu sameiginleg auðlind Evrópusambandsins og forræði á nýtingu þeirra mundi formlega flytjast til Brussel.

Lúxemborgarsamkomulagið dugar ekki til að tryggja hagsmuní Íslendinga sem smáþjóð með sérstaka þjóðarhagsmuni í Evrópusambandinu.

Hægvirk ákvarðanataka

Öll ákvarðanataka er varðar fiskveiðistjórnun Evrópusambandsins er hægvirk. Ísland hefði lítil áhrif á ákvarðanir sem og þróun fiskveiðistjórnunar og veiðiréttar. Það er ráðherraráð Evrópusambandsins sem samkvæmt Rómarsamningnum fer með lagasetningarvaldið hvað sjávarútveg sambandsins varðar og þar dugir aukinn meirihluti til ákvarðanatöku. Aukinn meirihluti visar til 73,9% atkvæða innan ráðherraráðsins eða 255 atkvæða af 345. Værum við aðilar að Evrópusambandinu hefðum við óverulegt atkvæðavægi í ráðherraráðinu eða 3 atkvæði af 345.

Mikilvægi sjálfstæðs samningsréttar um fiskveiðar á alþjóðlegum vettvangi
Það hefur verið gæfa Íslendinga að þeir hafa sjálfir farið með samningsforræði á sviði fiskveiða. Margoft hefur íslenska stjórnvísan og samningamenn hennar varið og tryggt íslenska hagsmuni á sviði hafréttar og nýtingu auðlinda hafsins á alþjóðlegum vettvangi. Án þessa sjálfstæða fyrirsvars hefðu íslenskum hagsmunir og sérstaða Íslands glatast í alþjóðlegum samningaviðræðum.

Mikilvægi veiða úr deilistofnum

Með aðild myndi Ísland afsala sér valdi til samninga um stjórn fiskveiða úr deilistofnum. Þessir stofnar, loðna, kolmunni, karfi, grálúða, norsk-íslensk síld, makrill o.fl. tegundir, eru okkur afar mikilvægir. Um 30% tekna af íslenskum sjávarafurðum er vegna veiða úr deilistofnum sem nú eru nýttir. Rétt er að vekja athygli á því að vegna þess að Ísland fer sjálfst með samningsforræðið þá geta önnur ríki ekki bundið Ísland með samkomulagi sínu á milli varðandi stjórn veiða og skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum. Væri Ísland aðili að ESB gæti ESB gert okkur að sæta niðurstöðu sem sambandið teldi ásættanlega fyrir heildarhagsmuni þess þó að hún þjónaði ekki hagsmunum Íslands.

Reglan um hlutfallslegan stöðugleika - tvíeggjað sverð

Ein grunnreglanna í sjávarútvegsstefnu ESB er reglan um hlutfallslegan stöðugleika. Til hennar hefur oft verið vísað af þeim sem telja Íslandi betur borgið í Evrópusambandinu en utan þess. Þessi mikilvæga regla felur í sér að tekið er tillit til veiðireynslu einstakra landa úr einstökum stofnum á ákveðnum miðum.

Engin trygging er hins vegar fyrir því að reglan um hlutfallslegan stöðugleika, fremur en aðrar reglur, standi óbreytt. Norðmenn freistuðu þess að fá tryggingu fyrir því í aðildarsamningi 1994 að reglunni yrði ekki breytt, en fengu ekki. Þar nægir að vísa til Grænbókar framkvæmdastjórnarinnar frá 22. apríl 2009 um endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Þar er sérstaklega vikið að reglunni um hlutfallslegan stöðugleika og að hana þurfi að endurskoða eins og aðra þætti stefnunnar.

Reglan felur einnig í sér takmörkun á því að Íslendingar geti aflað sér nýrrar veiðireynslu í sameiginlegri fiskveiðilögsögu sambandsins. Sem dæmi þá gætum við ekki gert kröfu til réttláts hlutar Íslands í makrílveiðum með sama hætti og nú er væri Ísland aðili að ESB.

Engar varanlegar undanþágur

Engar varanlegar undanþágur eru veittar frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, aðeins tímabundnar undanþágur og aðlögunartími. Þar er skemmst að minnast reynslu Norðmanna frá árinu 1994. Þeir fengu þriggja ára undanþágu fyrir veiðar norðan 62. breiddargráðu og eins árs undanþágu fyrir veiðar sunnan hennar. Norðmenn fengu einvörðungu tímabundna undanþágu frá brottkasti á afla sem beinlínis er kveðið á um í hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB.

Norðmenn fengu ekki viðurkenndan sjálfsákvörðunarrétt þeirra til hvalveiða, né heldur að þeir færu með samningsforræði í samningum um deilistofna.

Ábyrgð hvíli hjá þeim er nýta auðlindina

LÍU og SF fylgja þeirri grundvallarafstöðu íslenskra stjórnvalda að ábyrgð á stjórnun fiskveiða og ákvarðanatoka við verndun vistkerfa hafsins og nýtingu lifandi auðlinda eigi að hvíla í höndum þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta og ákvarðanirnar varða með beinum hætti.

Forræðishyggja sjávarútvegsstefnu ESB

Með aðild að Evrópusambandinu myndi Ísland verða að gangast undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins, Common Fisheries Policy. Með Lissabon sáttmálanum er það sérstaklega tilgreint að sjávarútvegsstefna ESB falli undir einhliða lagasetningarvald (exclusive competence) sambandsins, en ekki aðildarríkjanna.

Mikil forræðishyggja einkennir þessa stefnu, þar sem ábyrgð og stjórnun á fiskveiðum er tekin frá einstökum ríkjum, sem eiga mestra hagsmuna að gæta og flutt til stjórnkerfisins í Brussel, þ.e. beint undir stjórn bandalagsins sjálfs. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt og kemur fram í grænbók sambandsins um endurskoðun fiskveiðistefnunnar.

Slakur árangur af sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB

Miðstýring sjávarútvegsstefnunnar hefur leitt til þess að stjórn fiskveiða í aðildarlöndum ESB er meira og minna í molum. Þrátt fyrir margar tilraunir hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ekki tekist að snúa þessari alvarlegu stöðu við. Árangurinn af sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni er óásættanlegur; viðstöðulaus ofveiði, allt of stór floti og óhagkvæmur rekstur, auk gríðarlega umfangsmikils og kostnaðarsams styrkjakerfis til þess að viðhalda starfsemi í greininni.

Sameiginlega sjávarútvegsstefnan hefur margoft verið harkalega gagnrýnd, jafnt á vettvangi innan sambandsins sem utan þess. Eftirlit með framkvæmd hennar er í höndum aðildarríkja. Viðurkennt er að eftirlitið er veikburða, brot á reglum eru algeng og viðurlög væg. Lítil hvati er til þess að fara að lögum. Rúmlega 10.300 fiskveiðibrot voru skráð innan ESB árið 2006. Um áratuga skeið hefur ítrekað komið fram á vettvangi ESB að nauðsynlegt sé að endurskoða fiskveiðistefnuna í heild sinni. Grænbók framkvæmdastjórnarinnar er skref í þá átt, en óvíst er hver niðurstaða þeirrar vinnu verður.

Kvótahopp – arðurinn úr landi

Kæmi til aðildar að Evrópusambandinu yrðum við að laga lög okkar og reglur að lögum sambandsins, ekki öfugt. Þetta hafa Bretar t.d. fengið að reyna í baráttu sinni við svokallað kvótahopp en það er eitt þeirra vandamála sem glímt er við innan sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Með kvótahoppi skrá útgerðir skip sín í öðrum löndum sambandsins en eigin heimalandi til þess að komast yfir aflaheimildir annars aðildarríkis.

Fjárfestingar erlendra aðila

Mikilvægt er að tryggja að arður af nýtingu auðlinda verði eftir í íslensku samfélagi. Til að verja þá samfélagslegu hagsmuni eru lög sem heimila að erlendir aðilar eignist ekki meirihluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Kæmi til aðildar að

Evrópusambandinu héldu þessi lagaákvæði ekki. Þar með væri engin trygging fyrir því að arður af sjávarútvegi héldist eftir í íslensku efnahagskerfi.

Brottkast uppálagt af ESB

Sjómönnum innan Evrópusambandsins er beinlínis uppálagt að stunda brottkast. Reglurnar banna að fiski sem ekki er kvóti fyrir sé landað. Það sama gildir um fisk sem ekki uppfyllir kröfur um lágmarksstærð. Talið er að Skotar einir henda árlega fiski að verðmæti sjö milljarða króna (40 millj. punda). Hér á landi er brottkast bannað með lögum.

Óraunhæfur samanburður við Möltu

Þeir sem telja Íslandi betur borgið innan Evrópusambandsins og benda á fordæmi samnings Möltu við ESB um sjávarútvegsmál því til stuðnings, draga fram óraunhæfan samanburð. Heildaraflí Möltu árið 2006 var um 0,1% af heildarafla íslenskra skipa sama ár eða 1.348 tonn á móti 1,34 milljónum tonna. Það frávik sem Malta fékk byggist á verndarsjónarmiðum en felur á engan hátt í sér undanþágu frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Fiskveiðar pólitískt bitbein innan ESB

Fiskveiðar innan Evrópusambandsins hafa verið pólitískt bitbein í áratugi. Byggðasjónarmið og félagsleg sjónarmið ráða þar miklu. Íslenskur sjávarútvegur hefur hins vegar að leiðarljósi skynsamlega nýtingu auðlinda, sjálfbærni og arðsemi veiðanna.

Gríðarlegir styrkir til sjávarútvegs

Sjávarútvegur innan Evrópusambandsins er rekinn með öðrum formerkjum en þekktist hér á landi. Atvinnugreinin sem heild er óarðbær og nýtur gríðarlegra styrkja. Í júlí 2008 var tilkynnt að styrkir ESB til sjávarútvegs næstu þrjú ár næmu 340 milljörðum króna (2 milljörðum evra). Íslenskur sjávarútvegur er arðbær atvinnugrein, án ríkisstyrkja þar sem menn standa ábyrgir gerða sinna.